



*Ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar í Frímúrarahúsinu
í Hafnarfirði við Ljósatröð að lokinni athöfn.
Þar er gætt að öllum sóttvörnum eftir fremsta megni.*

Jarðsett verður í Kirkjugarði Hafnarfjarðar.

Prestur: Sr. Einar Eyjólfsson
Organisti: Gunnar Gunnarsson
Einsöngur: Kirstín Erna Blöndal
Gítarleikur: Örn Arnarson
Kór: Sönghópur Fríkirkjunnar
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Pixel prentþjónusta

Þorgerður María Gísladóttir

Fædd 9. september 1925
Dáin 17. desember 2021

Útför frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði
fimmtudaginn 30. desember 2021

FORSPIL

Skautavalsinn (Les Patineurs)

Émile Waldeufel

BÆN

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal óttast ég ekkert illt
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur / Margrét Scheving

RITNINGARORÐ

Ó, faðir, gjör mig lítið ljós
um lífs míns stutta skeið,
til hjálpar hverjum hal og drós,
sem hefur villst af leið.

Ó, faðir, gjör mig ljúflingslag,
sem lífgar hug og sál
og vekur sól og sumardag,
en svæfir storm og bál.

Ó, faðir, gjör mig blómstur blítt,
sem brosir öllum mót
og kvíðalaust við kalt og hlýtt
er kyrrt á sinni rót.

Ó, faðir, gjör mig styrkan staf
að styðja hvern sem þarf,
uns allt það pund, sem Guð mér gaf,
ég gef sem bróðurarf.

Ó, faðir, gjör mig sigursálm,
eitt signað trúarlag,
sem afli blæs í brotinn hálm
og breytir nótt í dag.

Matthías Jochumsson / Jónas Tómasson

GUÐSPJALL

EINSÖNGUR

Heyr mína bæn

Ólafur Gaukur Þórhallsson / Mario Panzeri

MINNINGARORÐ

María, mild og há,
móðir Guðs á jörð.
Helga þér, viljum vér
vora þakkargjörð.

Yl og trú andar þú
um hinn kalda svörð.
María, mild og há,
móðir Guðs á jörð.

Davíð Stefánsson / Páll Ísólfsson

BÆN

EINSÖNGUR

Milda höndin

Eygló Eyjólfsdóttir / Ron Klusmeier

FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lifi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristí krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt.
--	---

Hallgrímur Pétursson / H. Tomisöns sálmabók 1569

MOLDUN

Nú árið er liðið í aldanna skaut
og aldrei það kemur til baka,
nú gengin er sérhver þess gleði og þraut,
það gjörvallt er runnið á eilífðar braut,
en minning þess víst skal þó vaka.

En hvers er að minnast og hvað er það þá,
sem helst skal í minningu geyma?
Nú allt er á fljúgandi ferð liðið hjá,
það flestallt er horfið í gleymskunnar sjá.
En miskunnsemd Guðs má ei gleyma.

Valdimar Briem / Andreas Peter Berggreen

BLESSUN

EFTIRSPIL

Hafnarfjörður

Friðrik Bjarnason